

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag, Sandamýri, landnr. 223807 í landi Einiholts 1.

Skipulagið nær yfir 10,36 ha land, Sandamýri, landnr. 223807, þar sem heimilað er að reisa íbúðarhús, aðstöðuhús fyrir dýralæknaþjónustu og gripahús á tveimur byggingarreitum (reitir merktir 1 og 2). Húsin mega hvert um sig vera allt að 250 m² að stærð. Einnig mun landið verða nýtt sem beutiland og fyrir skógrækt. Samþykkt í sveitarstjórn 3. maí 2018.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 9. janúar 2019.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Rúnar Guðmundsson.

B-deild – Útgáfud.: 23. janúar 2019